

## AUGLÝSING

### um breyting á úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 1999 - 2000, sbr. auglýsingu nr. 383/1999.

Menntamálaráðherra hefur með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna með áorðnum breytingum og samþykktar stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna á stjórnarfundi hinn 17. september 1999 staðfest svohljóðandi breytingu á grein 1.2.2. og grein 2.2.1. úthlutunarreglna Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir skólaárið 1999-2000, sbr. auglýsingu nr. 383/1999:

Grein 1.2.2. breytist þannig að á eftir „Garðyrkjuskóla ríkisins“ komi svohljóðandi viðbót: Leiðsöguskólinn.

1. mgr. greinar 2.2.1. orðist þannig:

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skál námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Miða skal fullt nám við stysta skipulegan námstíma samkvæmt námskrá, sem yfirstjórn skóla hefur staðfest. Þegar um meistara- eða doktorsnám er að ræða er þó heimilt að bæta einu misseri við framangreindan námstíma til samræmis við persónubundna námsáætlun um fullt nám sem yfirstjórn námsgreinar hefur staðfest. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs, fái námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri. Þannig reiknast metnar einingar úr fyrra námi ekki til námsframvindu.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 21. september 1999.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar við Bauluvatn í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar við Bauluvatn í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 23. september 1999.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.